

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2015 - flugvallarsvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 20. ágúst 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2015 frá 23. mars 2006.

Breytingin tekur til um 43 ha svæðis umhverfis flugvöll og er eftirfarandi:

1. Svæði austan flugvallar, Eyðimörk, breytist úr stofnanasvæði og opnu svæði til sérstakra nota í athafnasvæði.
2. Svæði meðfram Eyrarbakkavegi breytist úr opnu svæði til sérstakra nota og stofnanasvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu og athafnasvæði.
3. Gert er ráð fyrir gámasvæði/spilliefnamóttöku sem verður skermað af með gróðri.
4. Núverandi gámasvæði norðan Ölfusár er áfram skilgreint sem iðnaðarsvæði.
5. Lóð fyrir dælu- og hreinsistöð norðan flugvallar færast til austurs inn á land í eigu sveitarfélagsins.
6. Óbyggt svæði meðfram götu breytist í opið svæði til sérstakra nota.
7. Reiðstígur færast lítilliga til.

Svæði vestan flugvallar er áfram skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 20. ágúst 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.